

Ed.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um Þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að síbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperu og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar, eftir hverjar alþingiskosningar, fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra eftir tilnefningu fjögurra stærstu þingflokka og einn samkvæmt tilnefningu félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins.

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiriháttar ákvarðanir er stofnunina varða.

6. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn, sbr. þó 13. gr., að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Ráðinn skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má

ráðningu þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal ráða annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins skulu ákveðin með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna, en kveða skal sérstaklega á um eftirlaun leikhússtjóra vegna stutts ráðningartíma.

7. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fjármálafulltrúi, er menntamálaráðuneytið skipar, eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhúss, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjáruál og rekstur leikhússins.

8. gr.

Ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri, sem hafi með höndum skipulagsstarf innan leikhússins, yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda og fylgist með innkaupum þeirra, raði niður á æfingum og æfingatímum, skipuleggi leikferðir innanbæjar og utan og annist önnur skyld störf. Hann hefur þannig á hendi starfsmannastjórn ásamt þjóðleikhússtjóra og fjármálafulltrúa.

9. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.

10. gr.

Við Þjóðleikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistaráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn. Skulu bókmennta- og leiklistarráðunautur og listdansstjóri vera í fullu starfi, en starf tónlistarráðunauts skal vera $\frac{1}{3}$ af fullu starfi.

11. gr.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárlagaáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir þjóðleikhúsráð.

Þjóðleikhússtjóri stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálafulltrúi til aðstoðar honum, en bókmennta- og leiklistarráðunautur að því er tekur til listrænnar starfsemi. Einnig skal hafa samráð við tónlistarráðunaut um val og flutning á óperum og söngleikjum, svo og við listdansstjóra, að því er listdans varðar.

Við samningu verkefnaskrár skal leitast við, að nýting starfskrafta verði hagkvæm og tillit tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

12. gr.

Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór. Úr hópi kórfélaga skal á hverju leikári kjósa einn félagi, sem skal vera þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunaut til fulltingis við val óperu og söngleikja.

Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem ástæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda til þriggja eða sex mánaða.

13. gr.

Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningartími leikara, söngvara, listdansara og annarra listamanna leikhússins skal fara eftir gildandi samningum við stéttarfélög hlutaðeigandi listamanna.

Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Hann undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fer með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en tekur að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

14. gr.

Þeir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til eins árs hið skemmsta eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda sem aðrir sjóðfélagar. Fastráðnir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem hafa áður unnið hliðstæð störf í þágu íslenskrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins, eftir að leitað hefur verið upplýsinga og tilgagna Félags íslenskra leikara og umsagnar stjórnar Lífeyrissjóðsins.

15. gr.

Þjóðleikhúsráð tekur þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Veita skal Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem best.

Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

16. gr.

Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeininga, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

17. gr.

Þjóðleikhúsið skal svo fljótt sem verða má koma sér upp öðru leiksviði, svo mögulegt sé að framkvæma ákvæði þessara laga, og leysi það þá af hólmi bráðabirgðasvið það sem komið hefur verið upp í veitingasal leikhúskjallara.

18. gr.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

19. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og aflafé leikhússins hrekkur ekki til. Eigi skal ráða í nýjar stöður samkvæmt lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum.

20. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86, 5. júní 1947, um Þjóðleikhús, og önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 97. löggjafarþing en varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Frumvarp til laga um Þjóðleikhús var lagt fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp árið 1971 á 91. löggjafarþingi, en varð eigi útrætt. Síðan kom það fyrir Alþingi í tvö skipti, en hlaut eigi afgreiðslu. Einkum virðast skoðanir skiptar um skipan þjóðleikhúsráðs. Upphaflega frumvarpið var samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði og í áttu sæti Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri og dr. Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari.

Frumvarpið kemur nú fyrir Alþingi í fjórða sinn og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Gert er ráð fyrir að rekstri leikhússins stjórnir þjóðleikhússtjóri og þjóðleikhúsráð. Skal þjóðleikhúsráð skipað 5 mönnum völdum á sama hátt og mælt er fyrir um í gildandi lögum.

Felld eru niður ákvæði um leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla en komið hefur verið á fót Leiklistarskóla Íslands með sérstökum lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ráðnir verði nokkrir nýir starfsmenn. Ber þar fyrst að nefna leiklistarráðunaut (dramaturg), þá er gert ráð fyrir tónlistarráðunaut (1/3 starfs) og listdansstjóra í fullu starfi. Loks er svo starf skipulags- eða framkvæmdastjóra (produktionsleitar — production manager) sem mjög hefur skort í leikhúsinu og sjálfsagður er talinn í leikhúsum víðast erlendis. Honum er ætlað að hafa yfirumsjón með niðurröðun og skipulagningu æfinga, nýtingu starfskrafta, skipuleggja leikferðir, fylgjast með innkaupum o. s. frv. Er þess að vænta að þessu fylgi hagræðing, sem hafi í för með sér aukinn sparnað fyrir leikhúsið.

Heimild til leikhússins til að geta ráðið höfunda um ákveðinn tíma er ekki mikið fjárhagsatriði, myndi samsvara því að bæta við einum leikaralaunum. Virðist rétt að gera tilraun með slíkt fyrirkomulag.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Þjóðleikhúsið standi fyrir óperustarfsemi og listdanssýningum. Forsenda hins síðarnefnda er að sjálfsögðu, að Íslenska dansfloknum sé tryggður starfsgrundvöllur. Að undanfögnu hefur leikhúsið að miklu leyti haldið dansfloknum uppi. Er talið að um 10 milljónir króna þurfi miðað við núverandi peningagildi til að kosta dansflokkinn og er þá miðað við þá aðstöðu, sem leikhúsið mun geta veitt honum án þess að bitni á annarri starfsemi í húsinu.

Hvað óperustarfsemi varðar er rétt að benda á, að við slíka starfsemi er kostnaðurinn mestur, og fyrst og fremst vegna þess, að fæstir eða engir listrænir kraftar hússins, sem á fastakaupi eru, geta nýst við slíkar uppfærslur. En óperuflutningur og listdans er þegar að lögum meðal verkefna Þjóðleikhússins og hefur verið meira og minna sinnt eftir því sem ástæður hafa leyft. Kostnaður við uppsetningu óperu í dag er 5—9 milljónir króna og sjaldnast von til þess, að afgangur kvöldkostnaðar geti endurgreitt stofnkostnaðinn. Í framtíðinni væri eðlilegt, að í fjárhagsáætlun leikhússins væri sundurliðað það sem varðar óperu og listdans.

Vert er að vekja athygli á, að í frumvarpinu er gerð krafa til leikhússins um að þjóna landsbyggðinni í leiklistarefnum. Þetta hefur leikhúsið reynt eftir föngum að undanfögnu. Er einkum um að ræða leikferðir út um land á leikári eða í sumarleyfum leikara og starfsfólks. Hið fyrrnefnda er erfitt að skipuleggja, þar sem alltitt er að leikarar hafi á hendi 3—4 hlutverk samtímis í leikhúsinu. Aðalferfiðleikarnir eru þó kostnaðarlegs eðlis. Samvinna við Menningarsjóð félagsheimila gæti hugsanlega bætt þarna um. Leikhúsið getur lagt til leikara og leikstjóra til að vinna með áhugafólki úti á landsbyggðinni og hefur gert það í vaxandi mæli. En til þess að nokkuð kveði að slíku, er leikhópur hússins of fámennur í dag. Lán á búningum, leikmunum og jafnvel heilum leikmyndum er nauðsynleg þjónusta og er þegar veruleg, bæði við áhugaleikfélög og skóla og einkum fer mikill tími hjá saumastofu leikhússins í slíka afgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þjóðleikhússtjóri hefur að undanfögnu verið settur í starf sitt frá ári til árs til þess að unnt yrði að breyta ráðningartíma í það horf, sem gert er og hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpi til laga um Þjóðleikhús, þ. e. að hann verði ráðinn til fjögurra ára í senn með heimild til endurráðningar önnur fjögur ár í stað ótímabundinnar skipunar.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Starf framkvæmdastjóra er nýtt og er honum ætlað að sjá um sem hagfeldasta skipan á æfingum og æfingatímum, fylgjast með innkaupum, skipuleggja leikferðir o. fl.

Um 9. gr.

Fjármálafulltrúi kemur í stað skrifstofustjóra leikhússins með nokkuð breyttu verksviði.

Um 10. gr.

Hér er um nýja starfsmenn að ræða, — bókmennta- og leiklistarráðunaut (1), tónlistarráðunaut ($\frac{1}{3}$ fulls starfs) og listdansstjóra.

Um 11. gr.

Þjóðleikhússtjóra er ætlað að hafa úrslitavald um og bera ábyrgð á stjórn leikhússins, bæði að því er varðar listræn málefni og fjármál.

Um 12. gr.

Þeim kröfum sem gerðar eru til leikhússins verður því aðeins fullnægt að því sé séð fyrir tekjum sem nægja til þess leikhúsrekstrar, sem til er ætlast. Í slíkum rekstri eru jafnan miklar fjárhagssveiflur og erfitt fyrir stofnun, sem gera ber

jafnmiklar kröfur til og Þjóðleikhússins að hafa ekki fastan tekjustofn að styðjast við. Í greininni er miðað við að Þjóðleikhúsið hafi á að skipa því starfsliði sem þarf til þess að það geti leyst verkefni sín af hendi, m. a. er kveðið á um að þar skuli starfa blandaður kór. Hefur svo verið í reynd að undanfögnu (Þjóðleikhúskórinn).

Um 13. og 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. og 16. gr.

Æskilegt er að koma leikmunasafni á fót, ekki síst sem lið í aukinni þjónustu við leikfélög áhugamanna víðsvegar um land. Eigi er síður mikilsvert að Þjóðleikhúsið aðstoði þau með gístileikurum og leiðbeinendum meðan ekki er önnur stofnun til sem hafi það hlutverk sérstaklega með höndum.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18.—22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“